



Fundargerð

92. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 21. febrúar 2020 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting:

Reykjavík:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Daði Lárusson

Garðabær:

Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson

Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir

Karen María Jónsdóttir

Kjósarhreppur:

Maríanna Hugrún Helgadóttir

Magnús Ingi Kristmannsson

Ólafur Ingi Tómasson og Sigurður Guðmundsson boðuðu forföll fyrir fund. Formaður, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, setti fund og stýrði.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

1. Kynning: Mat á kolefnisspori á skipulagsstigi

Helga J. Bjarnadóttir og Sigurður Guðmundsson frá EFLU kynna rannsóknarverkefni sem þau hafa unnið fyrir Skipulagsstofnun.

2. Kynning: Mat/rýni á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040

Herborg Árnadóttir frá ALTA kynnir stöðu vinnu fyrir SSH varðandi mat á framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins frá samþykki þess 2015.

3. Kynning: Nýjar leiðbeiningar fyrir hönnun á göngu- og hjólastígum

Katrín Halldórsdóttir frá Vegagerðinni kynnir nýjar leiðbeiningar sem voru samþykktar í byrjun 2020 af Vegagerðinni. Leiðbeiningarnar eru samstarfsverkefni SSH og Vegagerðarinnar og hluti af framfylgd samkomulags um samstarf SSH og Vegagerðar um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu dags. 17. apríl 2015.

4. Aðalskipulagi Garðabæjar: Vífilsstaðaland þróunarsvæði B/málsnr. 2001003

Forkynning á tillögu að breytingu á aðalskipulagi sbr. 2. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einnig kynntar tillögur að þremur deiliskipulagsáætlunum sem eru innan svæðisins sem aðalskipulagsbreytingin nær til: Vetrarmýri, Hnoðraholt norður og Rjúpnadalur.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við forkynningu. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna, í töflu 2, sem sveitarfélög skulu útfæra nánari í aðalskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd bendir jafnframt á að í nýlegri breytingu á svæðisskipulagi voru samþykkt ný stefnumið þess efnis að sveitarfélög skuli í skipulagsáætlunum efla tengingar milli skilgreindra kjarna og samgöngumiðaðra þróunarsvæða.

Helga Hauksdóttir, Bergljót Kristinsdóttir og Daði Lárusson og leggja fram eftirfarandi bókun:

Í kynntri tillögu að breyttu aðalskipulagi Vífilsstaðalands eru m.a. lagðar til breytingar á gatnakerfi svæðisins sem mun, ef að líkum lætur, hafa áhrif á umferðarflæði í aðalगतnakerfi höfuðborgarsvæðisins. Til að meta hver áhrifin mögulega verða er mikilvægt að gerð verði úttekt á afkastagetu gatnakerfisins, einkum suðurhluta þess þegar til framtíðar er litið.

5. Aðalskipulag Hafnarfjarðar: Ásvellir/málsnr. 2001007

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins í maí 2018 en með breytingunni var samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Í breytingunni segir m.a. að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit - oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu, blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt þeim sem fara ferðar sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.

6. Aðalskipulag Hafnarfjarðar: breyting á mörkum aðalskipulags/málsnr. 2002002

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tillaga að nýju deiliskipulagi við Bláfjallaveg í upplandi Hafnarfjarðar.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna.

7. Fólksvangurinn Hlíð: friðlýsing/málsnr. 1908003

Lögð fram tillaga Umhverfisstofnunar að friðlýsingarskilmálum ásamt tillögu að breyttum mörkum svæðisins skv. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 60/2013.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna enda samræmist hún leiðarljósum og markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 varðandi verndun náttúruminja og aðgengi almennings að náttúru. Bendir svæðisskipulagsnefnd sérstaklega á markmið 4.1 um aðgengi íbúa að fjölbreyttum útivistarsvæðum, þemakort nr. 7 um náttúru og útivist sem sýnir m.a. græna geira og stíga, markmið 4.2 um verndarsvæði og þemakort nr. 8.

8. Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá: friðlýsing/málsnr. 1908004

Lögð fram tillaga Umhverfisstofnunar að friðlýsingarskilmálum skv. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 60/2013.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna enda samræmist hún leiðarljósum og markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 varðandi verndun náttúruminja og aðgengi almennings að náttúru. Bendir svæðisskipulagsnefnd sérstaklega á markmið 4.1 um aðgengi íbúa að fjölbreyttum útvistarsvæðum, þemakort nr. 7 um náttúru og útvist sem sýnir m.a. græna geira og stíga, markmið 4.2 um verndarsvæði og þemakort nr. 8.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:20